

Bæjarstjórn Garðabæjar
Ráðhúsi Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	5.8.2015
Málefylli	9.23
Mál nr.	1506/137

Garðabæ 4. ágúst 2015

b.t. Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Efni: Ósk um stöðvun byggingaframkvæmda við Haukanes 15.

Málsatvik

Í apríl 2015 hófust umfangsmiklar framkvæmdir við lóð nr. 15 við Haukanes í Garðabæ. Engin grenndarkynning hefur farið fram og byggingaleyfi hefur ekki verið veitt fyrir framkvæmdunum á vesturhluta lóðarinnar sem er fyrir utan byggingarreit og snýr að Haukanesi 17.

Byggingafulltrúi Garðabæjar hefur verið upplýstur um málið. Í samtali sem undirrituð áttu við hann í síðustu viku sagðist hann ekki vita hver væru næstu skref af hálfu bæjarins í málinu.

Í ljósi þess að grenndarkynning hefur ekki farið fram, framkvæmdir eru á lóðarmörkum, engar teikningar verið kynntar, ólöglegar byggingar hafa þegar verið reistar og byggingaleyfi hefur ekki verið veitt fyrir framkvæmdum óskum við eftir því að Garðabær hlutist til um að stöðva umræddar framkvæmdir og sjái til þess að þær framkvæmdir sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir verði fjarlægðar.

Óskað er eftir staðfestingu á móttöku bréfs þessa og að erindi þessu verði svarað sem fyrst.

Virðingarfyllst.

Laufey Kristjónsdóttir
Laufey Kristjónsdóttir

Sverrir Þórólfsson
Sverrir Þórólfsson

Haukanesi 17
210 Garðabæ

FRUMRIT SENT MEÐ ÁBYRGÐARPÓSTI

Afrit sent:

Gunnar Einarsson bæjarstjóri

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri

Skipulagsnefnd Garðabæjar

Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi